

Alþingi
Erindi nr. P 143/71
komudagur 28.10.2013

28. október 2013

Um 31. gr.

Við viljum vekja athygli á þeirri mótsögn sem er á milli þeirri hugmynd sumra, að sóknargjöld séu félagsgjöld, og þeirri framkvæmd sem felst í þessu lagaákvæði. Ef sóknargjöld eru félagsgjöld sem meðlimir trúfélaga greiða, hvers vegna ákveða þá trúfélögin sjálf ekki upphæðina í stað ríkisins? Svarið er auðvitað það að sóknargjöld eru framlög úr ríkissjóði.

Við erum eindregið á móti því að þetta framlag til trúfélaga sé hækkað. Réttast væri að afnema einfaldlega sóknargjöld, en ef það á að veita trúfélögunum einhvern styrk þá leggjum við til að upphæðin verði lækkuð all-verulega. Við leggjum því til að 31. gr. laganna hljóði svo:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 1 kr. á mánuði árið 2014 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Ef þessi upphæð nægir ekki til rekstur trúfélaga, þá væri einfalt fyrir þau að fjármagna starfsemi sína með öðrum hætti, til dæmis með *félagsgjöldum*. Örn Bárður Jónsson, ríkiskirkjuprestur, benti á það í grein (<http://visir.is/ekkert,-eggert/article/2013701029919>) í Fréttablaðinu nýlega að "*Kirkjan gæti auðvitað séð um innheimtuna [á félagsgjöldum] sjálf eða framselt hana til banka*". Hann taldi jafnvel að sú breyting myndi þýða auknar tekjur til þjóðkirkjunnar upp á tugi prósent. Okkur finnst sjálfsagt að leyfa kirkjunni að reyna auka tekjur sínar á þennan hátt í staðinn fyrir að fá framlög úr ríkissjóði.

Um 32. gr.

Við erum eindregið á móti hækkunum á greiðslum til ríkiskirkjunnar vegna kirkjujarðasamkomulagsins. Við teljum einnig að taka eigi kirkjujarðasamninginn til endurskoðunar með það að markmiði að slíta algerlega á fjárhagsleg tengsl ríkis og þjóðkirkjunnar.

XVII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., með síðari breytingum.

31. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 750 kr. á mánuði árið 2014 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, með síðari breytingum.

32. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Þrátt fyrir ákvæði laganna skal skuldbinding ríkisins skv. 60. gr. á árinu 2014 samkvæmt sérstöku samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vera 1.474,8 millj. kr. á árinu 2014. Framlag til Kristnisjóðs skal vera 73,1 millj. kr. á árinu 2014.

Þann 28. október, 2013,
fyrir hönd félagsins Vantrúar,
Egill Óskarsson,
Formaður